

Reykjavík 27. nóvember 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Þingskjal 245 – 229. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Við þá nálgun er stuðst í umsögn þessari.

Fyrst er að nefna að hvergi á Norðurlöndum er staðgöngumæðrun leyfð en löng hefð er fyrir því að Ísland fylgi lagaþróun Norðurlandanna. Eins er að engar alþjóðlegar skuldbindingar segja til um nauðsyn þess að setja lög um staðgöngumæðrun.

Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er vandmeðfarið viðfangsefni og margar siðferðilegar spurningar vakna við yfirlestur á frumvarpinu. Að mati Barnaheilla hafa hagsmunir og réttindi barna ekki verið tryggð í því.

Meðal margra atriða sem Barnaheill telja á siðferðilegum mörkum má nefna fyrirkomulag á afhendingu barns sem virðist vera alveg óskýrt í frumvarpinu hvernig ætti að standa að. Virðist umþóttunartími staðgöngumóður og rými til að hætta við afhendingu barnsins vera of rúmur með tilliti til hagsmuna barnsins. Annað dæmi um álitamál snýr að ákvæði 26. gr. frv. sem tengist ákvörðun um foreldrastöðu barns sem fætt er samkvæmt erlendum lögum. Þarna virðist geta orðið torvelt í framkvæmd að gæta réttinda barnsins til að þekkja uppruna sinn og til að umgangast kynforeldra sína eða alast upp hjá þeim eftir atvikum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi líta á málefnið sem afar viðkvæmt og líklegra en margt annað til að vekja upp erfiðan ágreining á meðal þeirra sem að slíkum meðgöngum og barneignum kæmu. Áréttað skal að Barnaheill líta svo á að réttindi og velferð barnanna séu ekki enn tryggð í frumvarpinu.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á sérhvert barn meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríki tryggja að það megi lifa og þroskast. Það er fjarri lagi að öllum börnum heimsins sé tryggður sá réttur. Fjöldi barna býr við sára neyð, ungbarnadauði er enn mikill í mörgum löndum heims og fjöldi barna er munaðarlaus. Barnaheill minna einnig á valkostinn ættleiðingar.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægara út frá hagsmunum barna að leggja áherslu á að tryggja öllum börnum réttinn til lífs og þroska og leggja því til að frekari vinna verði lögð í það.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri